

FUNDARGERÐ

331. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 21. nóvember 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) mætti til fundar klukkan 14:30, Helgi Ómar Bragason (HÓB) í fjarfundi og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi, af aðalmönnum er: Helgi Hlynur Ásgrímsson

Gestir á fundinum eru, undir liðum nr.:

- 1-3 Glúmur Björnsson, jarðfræðingur, starfsmaður HEF
- 3 Haraldur Þór Jónsson, formaður starfsnefndar Samtaka orkusveitafélaga,
- 1-3 Jónína Brynjólfsdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlaþings og situr í stjórn Samtaka orkusveitafélaga.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Styrkveiting til jarðhitaleitar á Búlandsnesi.
 - 2 Eftirlitsskýrsla jarðhitavinnslu við Urriðavatn
 - 3 Tekjur af orkumannvirkjum – Samtök orkusveitarfélaga.
 - 4 Fjárhagur
 - 5 Fráveitusamþykkt Múlaþings – endurskoðun
 - 6 Gjaldskrár – endurskoðun
 - 7 Verkefnastjórnunartól tekið í notkun
 - 8 Staða verkefna
 - 9 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – staða máls
 - 10 Umsagnir um frumvarp til breytinga á raforkulögum
 - 11 Starfsmannamál
 - 12 Dómsmál PBP gegn félaginu
 - 13 Önnur mál
 - a. Kynning áætlana félagsins fyrir Umhverfis- og framkvæmdaráði Múlaþings
 - b. Næsti fundur
-

1 Styrkveiting til jarðhitaleitar á Búlandsnesi og staða verkefnisins.

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur félagsins mætir til fundarins.

Tilkynnt var í síðustu viku að verkefnið hlaut 135 milljóna króna styrk frá Orkusjóði. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur staðfest tillögur stjórnar Orkusjóðs um úthlutun styrkja til verkefna um leit og nýtingu jarðhita.

Stjórn þakkar veittan styrk Orkusjóðs og ekki síst framlag Glúms í umsóknarferlinu.

Glúmur kynnir stöðu verkefnisins:

Á Djúpavogi / Búlandsnesi er borplan tilbúið sem og rafmagnstengingar og allt annað klárt fyrir borun. Bormönnum seinkar hinsvegar enn frekar en orðið er. Í tölvupósti frá þeim um helgina rekja þeir sína hrakfallasögu í skipulagningu og tilkynntu að í þessari viku fari þeir í verkefni á Vestfjörðum. Þegar því er lokið koma þeir til okkar en þeir eru ekki tilbúnir að gefa upp dagsetningu. Af einföldum lýsingum að dæma má ætla að verkefnið fyrir vestan geti tekið jafnvel 2 mánuði. Það er því viðbúið að þeir komi ekki til okkar fyrr en í janúar eða jafnvel í febrúar.

Í ljósi þessara tafa setur þetta næsta framkvæmdasumar mögulega í uppnám varðandi hitaveitu á Djúpavogi. Því þarf að skipuleggja sig vel og undirbúa það sem hægt er að undirbúa áður en í ljós kemur hvernig til tekst með borun.

Stjórn leggur áherslu á að ekki komi til frekari tafa af hálfu borverktaka.

2 Eftirlitsskýrsla jarðhitavinnslu við Urriðavatn

Árlegt vinnslueftirlit frá árinu 2022 á holum 8 og 10 leiðir í ljós litlar sem engar breytingar frá þróuninni sem hefur verið í gangi og er viðbúið að haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Erfitt er að meta þróun milli stakra ára vegna óvissu.

Blöndun á köldu vatni inn í holu 8 heldur rólega áfram og viðbúið að hitastig hennar lækki áfram með árunum eins og hefur komið fram í fyrri skýrslum ÍSOR.

Hola 10 liggur að dýpri æðum og því gætir þessarar þróunar ekki í jafn miklu mæli og viðbúið að hún muni endast lengur og betur.

Það er ekki árlegt efnaeftirlit með holu 9 en ástæða til að hefja það ef sú hola stefnir í árlega notkun eins og hefur verið.

Stóra myndin er óbreytt og fylgir niðurstöðu sem kemur fram í hermilíkani ÍSOR en þar kemur fram að fara þurfi varlega í aukna vinnslu úr kerfinu.

Á 3 árum hefur meðalnotkun þegar aukist úr 58 l/s í 70,5 l/s eða um 12,5 l/s.

Stjórn brýnir fyrir notendum að huga vel að góðri nýtingu á heita vatninu sem er takmörkuð auðlind.

3 Tekjur af orkumannvirkjum – Samtök orkusveitarfélaga.

Haraldur Þór Jónsson kynnir niðurstöður starfshóps Samtaka orkusveitarfélaga um breytt form á tekjum sveitarfélaga af orkumannvirkjum. Orkusveitarfélögum er mikið í mun að tekjur af orkumannvirkjum og -vinnslu skili sér til nærsamfélaga og að regluverki um fasteignagjöld verði snúið til betri vegar. Umræður og fyrirspurnir.

Haraldur vék af fundinum.

Jónína Brynjólfsdóttir kynnir nærtækt dæmi um Fljótisdalsvirkjun, þar sem miðlunarlón, aðrennslisgöng, afrennsli og raflínur eru að miklu leyti í Múlaþingi en tekjur af þeim mannvirkjum sáralitlar til sveitarfélagsins.

Stjórn HEF veitna tekur undir með Sveitastjórn Múlaþings um mikilvægi þess að endurskoða hvernig arði af nýtingu auðlinda til raforkuframleiðslu verði skipt með sanngjörnum hætti sbr. bókun Sveitastjórnar Múlaþings frá 11. janúar 2023.

4 Fjárhagur

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru lauslega yfir stöðu fjárhags. Til kynningar.

5 Fráveitusamþykkt Múlaþings – endurskoðun

Hreinsunarþjónustu á rotþróum á landsvísu hefur þróast á þann veg að algengast er að þrær eru hreinsaðar þriðja hvert ár í stað annars hvers árs eins og verið hefur um árabil. Fækkun hreinsana minnkar kostnað, en tekjur fráveitunnar af þjónustu við rotþrær undanfarin ár hafa slaklega staðið undir kostnaði við þjónustuna.

Stjórn leggur til við sveitarstjórn Múlaþings að 1. mgr. 16. grein fráveitusamþykktar verði breytt á þennan veg: „Hverja rotþró og önnur stök hreinsivirki skal hreinsa ~~og tæma~~ eftir þörfum, eigi sjaldnar en ~~annað~~ þriðja hvert ár og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. ...“

HÓB kom með ábendingar við greinar 11, 12 og 23. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið í samræmi við umræðu og senda drög að breytingum á stjórn til staðfestingar.

6 Gjaldskrár – endurskoðun

Fyrir fundinum liggja drög að gjaldskrár veitna félagsins. Upphæðir gjaldskráa hafa verið afgreiddar á fyrri fundum stjórnar. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að uppfærslu gjaldskráa hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

7 Verkefnastjórnunartól tekið í notkun

Framkvæmdastjóri kynnir vefforrit sem tekið hefur verið í notkun á skrifstofu. Enn er verið að slípa til uppsetningu forritsins, sem vonandi mun geta nýst stjórn til eftirlits með stöðu framkvæmda og verkefna félagsins.

8 Staða verkefna

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu helstu verkefna:

- Egilsstaðir
 - o Reynivellir: Uppgjör í vinnslu.
 - o Votihvammur: Uppgjör í vinnslu.
 - o Ferjukíll: Framkvæmdir fyrir vetur klárast í vikunni. Sjá einnig í fundargerð #327.
- Fljótshálsa:
 - o Eiðaveita: Lagnir eru komnar í jörðu, unnið er að tengingum húsa og uppsetningu mælagrinda.
 - o Vallaveita: Framkvæmdum og tengingum lokið. Uppgjör í vinnslu.
- Seyðisfjörður:
 - o Nýjar mögulegar tengingar fyrir fjarvarmaveitu: Lækjargata bíður.
 - o Endurnýjun stofnlagnar vatnsveitu neðan Gilsbakka er í vinnslu en hefur tafist vegna úrkomutíðar.
- Borgarfjörður:
 - o Blábjörg - fráveita í undirbúningi / vinnslu.
 - o Jörfi og Dagsbrún – hönnunarvinnu lengingar gatna og lagna að ljúka. Verður boðið út um mánaðamót nóv.-des.
 - o Heimlagnir á vatnslögnina sem var endurnýjuð í fyrra hefur frestast vegna vætutíðar.
- Djúpivogur:
 - o Skipulag fráveitu o.fl. í samþykktiferli. Framkvæmdaheimildarumsókn í vinnslu. Verkgögn í vinnslu hjá ráðgjafa. Tilboð liggur fyrir frá framleiðanda á sökkum fyrir útrásarlögn.
 - o Borgarland: Verðkönnun lokið. Múlaþing (verkkaupi) hefur samið við SG vélar ehf. um framkvæmd verksins.
 - o Jarðhitaleit: Sjá #1 frammar.

9 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – staða máls

Fundi með Rarik, sem halda átti um miðjan nóvember var frestað. Áætlanir í vinnslu hjá HEF og ráðgjöfum. Mikilvægt er að línur skýrist fljótt með framboð raforku og verð hennar til fjarvarmaveitunnar til langrar framtíðar. (Sjá #10 aftar).

10 Umsagnir um frumvarp til breytinga á raforkulögum

Samorka og HS veitur hafa gert athugasemdir við frumvarp til breytinga á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.). Áhersla HS veitna snýr að tryggingu á framboði (afhendingaröryggi) og verðlagningu raforku til fjarvarmaveitna. HEF veitur taka undir með HS veitum um nauðsyn þess að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja rekstrargrundvöll fjarvarmaveitna.

11 Starfsmannamál

Stefán Númi Stefánsson hóf störf, tímabundið, 1. nóvember s.l.

Védís Vaka Vignisdóttir hefur verið ráðin í verkefnastjórnunarteymi félagsins. Hún mun hefja störf af fullum krafti um miðjan janúar.

12 Dómsmál PBP gegn félaginu

Lögmaður félagsins hefur lagt gagnáfrýjunarkröfu í Landsrétt. Reiknað er með að málið fái framvindu á vordögum 2024. Til upplýsingar.

13 Önnur mál

a. Kynning áætlana félagsins fyrir Umhverfis- og framkvæmdaráði Múlapings

Framkvæmdastjóri hefur verið boðaður til fundar með UFR Múlapings n.k. mánudag til að kynna framkvæmdaáætlun HEF.

b. Næsti fundur

Næsti fundur verði 12. desember 2023.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:15

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritun fundargerðar er á næstu síðu.

Undirritunarsíða

Samþykkt
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt
Hildur Þórisdóttir

Samþykkt
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt
Vilhjálmur Jónsson